

## Hitt og þetta um hæfniviðmið í kennslu

Samstarfshópur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu  
um endurmenntun kennara

Guðrún Geirsdóttir

[gudgeirs@hi.is](mailto:gudgeirs@hi.is)

Október 2013

## Viðfangsefni

- Innrás hæfniviðmiða í íslenskt menntakerfi og hugmyndir að baki þeim.
- Birting hæfniviðmiða í námskrá fyrir grunnskóla.
- Að skrifa góð hæfnivimið.
- Nokkrar leiðir til að nýta hæfniviðmið í grunnskólum.

## Hæfniviðmið

Í lok þessa erindis ættu þátttakendur að geta...

- Útskýrt fyrir öðrum hvaða hugmyndir liggja að baki notkun hæfniviðmiða í skólastarfi.
- Sagt frá birtingu hæfniviðmiða í námskrá grunnskóla.
- Skilgreint hvað hafa þarf í huga við gerð „góðra“ hæfniviðmiða (og búið til eins og eitt gott slíkt).
- Tekið faglega afstöðu til notkunar hæfniviðmiða í kennslu.



**I HVAÐAN KOMA HÆFNIVIÐMIÐIN?**

# Geta kerfi talað saman?



24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVÍÐMIÐ Í KENNSLU

5

## Prepaskipting íslensks menntakerfis

Íslensk hæfnigrep	EINSTAKLINGUR SEM ÖDLAST HEFUR HÆFNI Á VÍÐKOMANDI HÆFNIPREPI	DÆMI UM NÁMSLOK OG PRÓFGRÁÐUR	Evrópsk hæfnigrep	
7	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur yfirgripsmika þekkingu á rannsóknum og nýjungum innan fræðisviðs.</li> <li>Gætur á skipulegt hátt skýringu, þróðu, framkvæmt og leitt rannsóknir af öryggi með frumkvæði að sköpun og þróun nýrra þekkingar- og lausnarlusna.</li> <li>Gætur leitt fræðing samkvæmt á ábyrgun og gagnrýna hátt.</li> </ul>	Doktorspróf	8	
6	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur yfirgripsmika þekkingu á fræðigrein og/öðru sérsviði starfsgreina.</li> <li>Gætur skipulegt á skipulegt hátt fræðing verkefni og/öðru rannsóknir og beitt viðeigandi aðferðum og tækni af fagmennsku.</li> <li>Gætur miðað á sika þannig og gagnrýna hátt fræðing og/öðru starfsgrein, gætur leiðbeint og stjórnað verkefnum og borið söfnunarskipti ábyrgð á hagnýtingu þekkingar sámar og tekni.</li> </ul>	Masterspróf Diplómapróf á meistarastrigi	7	
6	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur þekkingu á fræðigrein og/öðru sérsviði starfsgreina.</li> <li>Gætur skipulegt fræðing verkefni og/öðru rannsóknir og beitt viðeigandi aðferðum og tækni á ábyrgun hátt.</li> <li>Gætur miðað á skipulegt og gagnrýna hátt fræðing og/öðru starfsgrein ábyrgð á hagnýtingu þekkingar sámar og tekni.</li> </ul>	Bakkalápróf	6	
4	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtt í starfi, við starfsgrein, leiðsögn, stjórnun, og/öðru til undirbúnings frakara námi.</li> <li>Gætur skipulegt vinnulegt, beitt viðeigandi tækni og þróað starfsmenntu á ábyrgun hátt.</li> <li>Þyr yfir hæfni til að vera virkur og ábyrgur innan starfsvettvangs, gætur leiðbeint og stjórnað öðrum í verkefnum og tekið ábyrgð á þróun í starfi og námi.</li> </ul>	Diplóma á háskólastigi	Viðbótarnám við framhaldsskóla <sup>4)</sup>	6
3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtt í starfi og/öðru til undirbúnings frakara námi.</li> <li>Gætur forgangarsað og skipulegt eigin störf í fræðing aðstoðum og öðru fagmennsku í starfi.</li> <li>Gætur miðað þekkingu sínu og tekni, rökstutt og grunduð þær aðferðir sem hanna nýtt auk þess að búa yfir ábyrgð gagnvart starfsmenntu og hæfni til að leiðbeina öðrum.</li> </ul>	Frumgreitarnám	Stúdentspróf, Próf til starfsrettinda <sup>4)</sup> Önnur lokapróf <sup>4)</sup>	4
2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur grunnþekkingu sem nýtt á starfsvettvangi.</li> <li>Gætur keytt viðeigandi tækni, beitt viðeigandi tækni og borið ábyrgð á þróun og/öðru starfsvettvangi.</li> <li>Gætur miðað uppbyggingu um grunnstigi fags og verkefni á starfsvettvangi auk þess að geta útskýrt og rökstutt eigin verkefni.</li> </ul>	Framhaldsskólaþróf Próf til starfsrettinda <sup>4)</sup> Önnur lokapróf <sup>4)</sup>		3
1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur grunnþekkingu sem nýtt til undirbúnings fyrir frakara námi og öðru að frumkvæði og sjálfstæði í vinnu undir leiðsögn.</li> <li>Gætur keytt viðeigandi tækni með því að vinna ír einföldum uppbyggingum að írlausnum.</li> <li>Gætur all þekkingu og uppbyggilegt samkvæmt, hafi rök fyrir mál sínu, víf skuldarinnar annars og verð virkur og ábyrgur borgun í samfélagslegu.</li> </ul>	Framhaldsskólaþróf Önnur lokapróf <sup>4)</sup>	Grunnskólaþróf	1 - 2

ISQF

Dæmi: <sup>1)</sup> Íslenski, <sup>2)</sup> Húsnæðing, <sup>3)</sup> Fylgiteknir og stjórnað, <sup>4)</sup> Listnámsbraut og fjölbrotaleiki, <sup>5)</sup> Málmeðferð, <sup>6)</sup> Fréttastofnað, <sup>7)</sup> Matvæðing og starfsfotaleiki, <sup>8)</sup> Skólafrétt.


EQF

24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVÍÐMIÐ Í KENNSLU

6

## En hvernig koma hæfniviðmiðin inn í þetta?



24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVIÐMIÐ Í KENNSLU

7

## Hæfniviðmið og menntunarfræðin

- Hjálpar nemendum í námi að þekkja námskröfur.
- Hægt er að öðlast hæfni á margvíslegan máta.
- Það að búa yfir þekkingu er að geta beitt henni á margvíslegan máta í ólíkum aðstæðum.
- Náms er meira en tileinkun fróðleiks – nám er breyting á okkur sem manneskjum.
- Náms hæfni (að læra að læra) er mikilvægur þáttur náms.



24.10.2013


HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVIÐMIÐ Í KENNSLU

8

## Hvað er hæfni?

- Litið er á hæfni sem innra veganesti einstaklings sem er afrakstur reynslu og lærdóms, og nýttist þegar þeir takast á við ný viðfangsefni.

- Ragnhildur Bjarnadóttir, 2005, bls. 29



Um starfhæfni -Ragnhildur Bjarnadóttir (2005) bls. 32

## Skilgreining á hæfni

Aðalnámskrá grunnskóla, 2011/2013 bls. 39

### Skilgreining á hugtökunum þekking, leikni og hæfni

#### ÞEKING

er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.

- þekkingar er aflað með því að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða með upplifun og reynslu í gegnum athafnir.
- þekking er greind með því að ræða, flokka og bera saman.
- þekkingu er miðlað með fjölbreyttum tjáningaformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

#### LEIKNI

er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun.

- Leikni er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi.
- Leikni felur í sér greiningu með vali milli aðferða og skipulag verkferla.
- Leikni er miðlað með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.


#### HÆFNI

felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.

- Hæfni gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, virðingu, viðsýni, sköpunarmátt, siðferðisvitund og skilning einstaklingsins á eigin getu. Einnig skiptir sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum máli.
- Hæfni felur í sér greiningu nemandans á eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir og rökstyðja. Hæfni til að greina byggist á gagnrýnni hugsun og faglegru ígrundun.
- Hæfni er miðlað með margvíslegum tjáningarformum þar sem vitsmunalegri, listrænni og verklegri þekkingu og leikni er fléttað saman við siðferðilegt og samfélagslegt viðhorf einstaklingsins. Hæfni gerir kröfu um sköpunarmátt, ábyrgð og virkni.

## Eru hæfniviðmið bara góð?

- Erfitt að skilgreina þau þannig að þau þjóni tilgangi.
- Flókið að innleiða þau (erfitt að breyta hugmyndum).
- Nám er ekki línulagað og slétt.
- Leysa ekki átök um hvaða hæfni skiptir máli (eru síður en svo hlutlaus).
- Aukin áhrif og ítök að utan (minnkandi fagmennska kennara).



Það er kennarafundur á morgun. Þið eruð beðin að nefna tvær ástæður fyrir því hvers vegna verið er að innleiða þessi (skram....) hæfniviðmið.



## II HÆFNIVIÐMIÐ Í AÐALNÁMSKRÁ

24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVIÐMIÐ Í KENNSLU

13

## Hæfniviðmið í námskrá grunnskóla

- Grunnþættir námskrár:
  - Læsi
  - Sjálfbærni
  - Heilbrigði og velferð
  - Lýðræði og mannréttindi
  - Jafnrétti
  - Sköpun
- Lykilhæfni – nemendur í grunnskóla útskrifast með lykilhæfni á þrepi 1 - 2 í framhaldsskóla.
- Hæfniviðmið skilgreind fyrir hvert námssvið.
- Matskvarði fyrir hæfni innan námssviða og lykilhæfni.

24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVIÐMIÐ Í KENNSLU

14

### Lýsing á hæfni nemenda við lok grunnskóla og á fyrsta hæfniprepi framhaldsskóla

#### ÞEKING

Nemandi býr yfir:

- fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær,
- þekkingu á samfélagslegum gildum, siðgæði, mannréttindum og jafnrétti,
- þekkingu sem tengist því að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi,
- þekkingu sem tengist íslensku umhverfi í alþjóðlegu samhengi (s.s. menningu, samfélagi, náttúru og sjálfbærni),
- þekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám,
- orðaforða til að geta tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum og innsýn í viðkomandi menningarheima,
- þekkingu og skilning á áhrifum fyrirmýnda og staðalmynda á eigin imynd og lífsstíl.

#### LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt,
- taka þátt í samræðum, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra,
- vera verklega sjálfbjarga í daglegu lífi,
- beita skapandi hugsun í öllu starfi,
- vinna á sjálfstæðan, ábyrgan og skapandi hátt undir leiðsögn,
- nýta sér margvíslega tækni í þekkingarleit og miðun þekkingar á ábyrgan og gagnrýnn hátt,
- nota fjölbreyttar námsaðferðir,
- umgangast umhverfi sitt með sjálfbærni í huga.

#### HÆFNI

Nemandi:

- býr yfir hæfni til að tjá hugsanir sínar og tilfinningar í rökriðu samhengi,
- býr yfir hæfni á erlendum tungumálum til að tjá sig á einfaldan hátt,
- hefur skýra sjálfsmynd og gerir sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt,
- getur átt jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við annað fólk,
- ber virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti,
- ber virðingu fyrir náttúru og umhverfi í alþjóðlegu samhengi,
- tekur ábyrga afstöðu til eigin velferðar, líkamlegrar og andlegrar,
- hefur tileinkað sér jákvætt viðhorf til náms,
- býr yfir hæfni til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu nær- og fjarsamfélagi,
- býr yfir hæfni til að tengja þekkingu sína og leikni við daglegt líf, tækni og vísindi.

Aðalnámskrá grunnskóla, 2011/2013

## Hæfniviðmið í grunnskóla

- Í grunnskóla skal leggja mat á hæfni nemenda innan hvers námssviðs og á það við jafnt í bóklegu námi, verknámi og listnámi. Í aðalnámskránni er kynntur nýr matskvarði með fjórum flokkum, A–D. Matskvarðinn er tvískiptur, annars vegar kvarði fyrir **mat á hæfni á hverju námssviði** og hins vegar mat á **lykilhæfni við lok grunnskóla**. Viðmið í námsmati innan hvers námssviðs eða hvernar námsgreinar verða skilgreind nánar í námsgreinahlutanum. Matskvarðann ber að nota við brautskráningu nemenda úr grunnskóla. Einnig má nota hann við lok 4. og 7. bekkjar og almennt í námsmati grunnskóla. Kvarðann má laga að skólanámskrá hvers skóla og aðstæðum hverju sinni.



Skapandi og gagnrýnin hugsun		
Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• skipulagt efnistöð og aðferðir við úrlausn verkefna,</li> <li>• tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur,</li> <li>• gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt,</li> <li>• greint milli staðreynda og skoðana,</li> <li>• endurskoðað úrlausn viðfangsefna út frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna,</li> <li>• skilgreint viðmið um árangur,</li> <li>• lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt,</li> <li>• áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum,</li> <li>• vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• spurt rannsakandi spurninga skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistöð og úrvinnslu verkefna,</li> <li>• skilgreint og rökstutt viðmið um árangur,</li> <li>• verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika,</li> <li>• tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu,</li> <li>• beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.</li> </ul>

24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVÍÐMIÐ Í KENNSLU


17

Talað mál, hlustun og áhorf		
Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt skýrum og áheynlegum framburði,</li> <li>• tjáð sig með aðstoð leikránnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,</li> <li>• sagt frá eftirminnlegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,</li> <li>• hlustað og horft með athygli á upplæstur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,</li> <li>• nýtt sér myndefni og rafrænt efni á rafrænu formi,</li> <li>• átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,</li> <li>• tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikránnar tjáningar,</li> <li>• tekið þátt í samræðum og rökraðum samkvæmt reglum,</li> <li>• hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,</li> <li>• nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt,</li> <li>• átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas,</li> <li>• gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfál, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikránni tjáningu,</li> <li>• nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökraðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðli sem hentar,</li> <li>• hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í toluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplæstar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni,</li> <li>• nýtt sér fjölmiðla, svo sem útlarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þær er birt,</li> <li>• átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.</li> </ul>

24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVÍÐMIÐ Í KENNSLU

18



Hversu raunhæf eru þau hæfniviðmið sem sett eru fram í námskrá?  
Hvernig væri hægt að vinna eftir þeim frá degi til dags?

24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVIÐMIÐ Í KENNSLU

19



### III AÐ SKILGREINA HÆFNIVIÐMIÐ

24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVIÐMIÐ Í KENNSLU

20

## Hvernig líta viðmið um hæfni út?

- ~~Að nemendur þekki helstu kenningar um~~

Verður að vera hægt að sýna hæfni....

Að nemendur geti **útskýrt** meginatriði í kenningum ....

... Sagt frá  
... Skrifað ritgerð um  
... Sett fram gagnrýni á  
... Greint mun á

## Að skrifa hæfniviðmið

- Segja til um hvaða hæfni nemendur eiga að geta **sýnt** að námi loknu (ekki hvað kennarinn hefur hugsað sér að gera né hvað nemendur munu gera í tímum til að efla hæfni sína).
- Þurfa ef vel á að vera að vera **metanleg** eða **mælanleg** (þess vegna þarf að vanda sagnorðin) – en má meta á margvíslegan máta.
- En þurfa líka að ná til hæfni sem kennarar/námskrár telja **mikilvæga** (vitt og breitt) - að gera það mikilvæga mælanlegt.
- Hjálpartæki (því sagnirnar skipta meginmáli og segja til um hvers konar hugsun/hæfni nemandi á að sýna).
  - Flokkunarkerfi Bloom

## Gott hæfniviðmið er:

- Virkt – lýsir einhverju sem nemendur munu geta gert.
- Eftirsóknarvert – nemendur vilja ná þeirri hæfni.
- Auðskilið – nemendur skilja hvað það merkir.
- Viðeigandi – í samræmi við það námstig sem um ræðir.
- Raunhæft – flestir nemendur munu ná tökum á því leggi þeir sig fram.
- Metanlegt – það má mæla eða meta hvort árangur hafi náðst.
- Sjáanlegt – í skólanámskrá og rafrænu námsumhverfi.
- Tengt, samhæft... – kennslu, námi og námsmati.

## Flokkunarkerfi Bloom

Bekking	Viðhorf	Leikni
Mat	Heildstætt gildismat	Skapandi tjáning
Nýmyndun	Heildarsýn/ábyrgð	Aðlögun
Greining	Alúð/rækt	Flókin færni
Beiting	Svörun/þátttaka	Vélræn leikni
Skilningur	Athygli/eftirtekt	Svörun
Minni		Viðleitni
		Skynjun


## Þekkingarsvið Bloom

Þekking	
Mat	Meta, gagnrýna, taka afstöðu, greina á milli, halda fram, sannfæra, útskýra, rökstyðja, spá fyrir um, leggja til, endurskoða.
Nýmyndun	Móta, semja, skapa, breyta, þróa, búa til, stýra, skipuleggja, undirbúa, endurskoða, draga saman.
Greining	Greina, skilgreina, tengja, rökstyðja, bera saman, gagnrýna, rannsaka, prófa, draga fram.
Beiting	Beita, reikna, flokka, sýna, skrifa, túlka, byggja, þróa, nýta, reyna, finna, túlka, skipuleggja, framleiða, þjálf, teikna upp.
Skilningur	Lýsa, umorða, þýða, skýra, umskrifa, tengja saman, breyta, flokka, bera saman, ræða, útskýra, greina á milli, túlka, endursegja, skýra frá, velja á milli, staðsetja, áætla.
Minni	Muna, nefna, rifja upp, velja, skilgreina, lýsa, skoða, þekkja aftur, sýna, segja frá, raða, endurtaka, finna heiti á.

24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVIÐMIÐ Í KENNSLU

25



Hugsíð um kennslustund sem þið eruð að fara að kenna. Hvað viljið þið að nemendur tileinki sér í henni. Hvað á nemandinn að geta að kennslustund lokinni?

Skilgreinið eitt hæfniviðmið fyrir þessa kennslustund. Berið hæfniviðmið saman við flokkunarkerfi Bloom. Skoðið það út frá ábendingum um einkenni góðra hæfniviðmiða.

Hvaða viðfangsefni/verkefni væru vel til þess fallin að aðstoða nemendur við að öðlast hæfnina? Hvernig væri best að meta hvort nemendur hefðu náð tókum á hæfninni?

24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVIÐMIÐ Í KENNSLU

26



## IV AÐ VINNA MEÐ HÆFNIVIÐMIÐ Í SKÓLASTARFI

24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVIÐMIÐ Í KENNSLU

27

## Hvar nýtast þessi hæfniviðmið?

- Í umræðu um skólanámskrá:
  - Hvernig ætlum við í þessum skóla að vinna með ákvæði aðalnámskrár
  - Hvernig skiljum við eða túlkum sett hæfniviðmið?
- Til upplýsinga fyrir foreldra og aðra.
- Í skipulagi kennslu einstakra námsgreina:
  - Hver eru hæfniviðmið námsgreina?
  - Hvaða tækifæri fá nemendur til að efla þá hæfni?
  - Er stígandi í náminu?
  - Hvernig verður hæfni nemenda metin?
- Við skipulag einstakra námsþátta (kennslustunda/viðfangsefna).
- Við mat á skólastarfi.

24.10.2013

HITT OG ÞETTA UM HÆFNIVIÐMIÐ Í KENNSLU

28

## Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. (2011). Greinanámskrár (2013). Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Bloom, B. S. (1956). *Taxonomy of Educational Objectives* (1956). Boston: Allyn and Bacon
- Ingvar Sigurgeirsson (1999). *Að mörgu er að hyggja: Handbók um undirbúning kennslu*. Reykjavík: Æskan.
- Kennslumiðstöð Háskóla Íslands: *Um hæfniviðmið*, sjá á eftirfarandi slóð: <https://kennslumidstod.hi.is/index.php/bologna/haefnividhmidh>
- Ragnhildur Bjarnadóttir (2005). Hvernig styður Kennaraháskóli Íslands við starfshæfni nemenda? *Uppeldi og menntun*, 14 (1). Bls. 29-49.